

Hörkuleikir gegn Stjörnunni og Haukum

Skrifað af Körfuboltadeild
Sunnudagur, 27 September 2015 20:35

Höttur kláraði Fyrirtækjabikarinn með tveimur leikum fyrir sunnan um helgina. Á föstudegi mættum við Stjörnunni og töpuðum þeim leik 84 -90. Okkar menn minnkuðu muninn niður í tvö stig þegar stutt var eftir en Stjarnan hélt sínu og vann að lokum með sex stiga mun.

Á sunnudegi spiluðum við við Hauka að Ásvöllum. Leikurinn var hörkuspennandi allan tímann. Haukar voru tveimur stigum yfir í hálfleik eftir að hafa skorað þriggja stiga flautukörfu. Höttur náði forystunni aftur í seinni hálfleik og leiddi eftir þriðja leikhluta en Haukar skelltu vörninni í lás síðustu fimm mínútur leiksins og unnu leikinn eftir krappan dans á síðustu mínútu.

Tobin var stigahæstur í báðum leikjunum. Það var hins vegar ánægjulegt að sjá að stigaskorunin dreifðist og það kom gott framlag frá mörgum leikmönnum. Mirko Stefán kom til liðsins í vikunni og spilaði sína fyrstu leiki og stóð sig vel. Hann á eftir að detta betur inn í leikinn og styrkja okkur verulega í vetur. Stjarnan og Haukar fóru upp úr okkar riðli í Fyrirtækjabikarnum en við lentum í þriðja sæti af fimm liðum. Haukar unnu riðilinn. Þrátt fyrir töp um helgina verður að segja að leikur Hattar lofar góðu fyrir tímabilið. Liðið spilaði hörkuleiki við tvö af betri liðum deildarinnar og var óheppið að tapa þeim báðum. Helst mætti þetta raðirnar í vörninni því við fengum mikið af stigum á okkur. Viðar hefur búið til góðan hóp sem er tilbúinn fyrir Domino's deildina!